



Deildarfundur á Akureyri

Akureyri, 07.11.2018

Mættir: Tólf félagsmenn mættir ásamt formanni, varamanni í stjórn og framkvæmdastjóra LSS (sjá undirskriftalista).

1. Formaður LSS setur fimmta fund hringferðar stjórnar kl. 20:00. Formaður reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynnir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Anton Berg Carrasco, formaður vinnuhóps um atkvæðavægi, fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður: Almenn sátt ríkti um lagabreytingarnar.

4. Komandi kjaramál. Formaður LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindanefnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkningar í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

Formaður fór yfir sérstaka þætti tengda launaliðnum frá BSRB.

a. Laun stjórnenda. Almenn skoðun að bilið er of lítið. Laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.

b. Laun hlutastarfandi. Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðrétt skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.

c. Bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Skoða þarf bakvaktarkafli kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar. Sérstaklega þarf að skoða nýútgefna reglugerð um starfsemi slökkviliða þar sem tekið er fram að slökkviliðsmönnum sé skylt að mæta í útköll samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Önnur sérmál LSS:

- Tryggingakafllinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- Vaktavinnukafllinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktaálagið sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.



- Þrekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni. Umræða var um þol- og þrekpróf. Ákveða þarf lágmarkskröfur sem gerðar eru til félagsmanna í þessum málum.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum.

Önnur mál.

1. **Greiðsla fyrir akstur.** Fyrirspurn kom varðandi greiðslur fyrir akstur. Upplýst var um að fulltrúarnir á Akureyri og LSS væru að skoða þessi mál með stjórnendum stöðvarinnar.
2. **Hvíldartími í löngum akstri.** Sjúkraflutningamenn eru undanþegnir hvíldartíma í akstri og lágmarkshvíldartíma. Dæmi var um að sjúkraflutningamenn væru að keyra í rúma 12 tíma. LSS var hvatt til skoða þetta fyrir næstu kjarasamninga um að koma inn ákvæði varðandi þetta út frá reglugerð. Uppfæra þarf starfslýsingar hjá starfsmati varðandi þetta.
3. **Menntunarstig.** LSS var hvatt að ýta stjórnendur varðandi aukið menntunarstig á vinnustaðnum. Er í vinnslu og horfir til betri vegar.

Formaður þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 21:47

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS